

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2019, fimmtudaginn 5. desember, var haldinn 7. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 13.03. Fundinn sátu: Þorkell Heiðarsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Egill Þór Jónsson, Bergþór Heimir Þórðarson, Ingólfur Már Magnússon, Lilja Sveinsdóttir, Björgvin Björgvinsson, Hanna Björk Kristinsdóttir og Hallgrímur Eymundsson. Fundinn sátu einnig Aðalbjörg Traustadóttir, Ágúst Már Gröndal og Tómas Ingi Adólfsson, sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um aðgengismerkingar fyrir húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar. Harpa Cilia Ingólfssdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Við þökkum Hörpu Ciliu fyrir áhugaverða kynningu á þeim möguleikum sem til staðar eru þegar aðgengismerkingar eru annars vegar.

2. Fram fer umræða um innleiðingu á nýjum yfirborðsmerkingum fyrir P-merkt bílastæði.

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Undanfarið hafa yfirborðsmerkingar P-merktra stæða fyrir fólk með hreyfihömlun verið málaðar með nýju merki sem kynnt var á málþingi Öryrkjabandalags Íslands, Stóra bílastæðamálið, þann 12. mars 2018. Á málþinginu kom fram ríkur vilji til þess að innleiða nýja yfirborðsmerkingu en engin formleg ákvörðun hefur þó verið tekin af hálfu Reykjavíkurborgar um að notast skuli við nýja merkið. Aðgengis- og samráðsnefnd vill óska eftir því við skipulags- og samgönguráð að nýtt merki verði tekið formlega tekið í notkun af hálfu Reykjavíkurborgar. Nefndin hvetur jafnframt samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið til þess að endurskoða til samræmis við þetta þær merkingar sem eru í reglugerð 289/1995 sem fylgir umferðarlögum.

3. Lögð er fram uppfærð samþykkt aðgengis- og samráðsnefndar, sem samþykkt var í borgarstjórn 3. des. 2019.

4. Fram fer umræða um fyrirhugaða þjónustulýsingu fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Þökkum fulltrúum Strætó og velferðarsviðs fyrir kynningu á ferðaþjónustunni og komandi samráð við gerð á þjónustulýsingu fyrir nýtt útboð á þjónustunni.

Erlendur Pálsson, Jóhannes Rúnarsson og Þórdís Linda Guðmundsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Lögð eru fram drög mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og formanns aðgengis- og samráðsnefndar, dags. 4.des.2019, að umsögn um tillögu borgarfulltrúa Flokks Fólksins, dags. 3. sept. 2019, um táknaáskilun á fundum borgarstjórnar.

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks tekur undir það sjónarmið að það sé gott og æskilegt markmið að tryggja aðgengi að fundum borgarstjórnar fyrir heyrnaskert og heyrnarlaust fólk. Nefndin vill þó koma því á framfæri að fólk með heyrnarskerðingu notar ekki endilega táknaáskilun og því kunnir að vera að rittúlkun á fundum borgarstjórnar væri nærtækara markmið sem myndi nýtast breiðari hópi, heyrnarlausum, heyrnarskertum sem og heyrnarskertum sem nota táknaáskilun.

Aðgengis- og samráðsnefnd vill jafnframt koma því á framfæri að enginn notandi tákna máls er nú í nefndinni og telur nefndin því að Félag heyrnarlausra sé betur til þess fallið að meta hvort æskilegt sé að forgangsraða fjármunum og mannafla í tákna málstúlkun borgarstjórnarfunda frekar en í aðra viðburði á vegum Reykjavíkurborgar. Leggur nefndin jafnframt til að tillagan verði einnig send Heyrnarhjálp, félagi heyrnarskertra á Íslandi, til umsagnar.

Fundi slitið kl. 15.05

Þorkell Heiðarsson

Hallgrímur Eymundsson
Hanna Björk Kristinsdóttir
Lilja Sveinsdóttir
Dóra Björt Guðjónsdóttir

Ingólfur Már Magnússon
Björgvin Björgvinsson
Egill Þór Jónsson
Bergþór Heimir Þórðarson